

1862.

6. marzm.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um að senda herskip til Íslands.

Með því útlendir fiskimenn, er koma til Íslands, halda áfram að brjóta reglur þær, er gilda um yfirráð konungs yfir sjónum, þar sem þeir eru á fiskiveiðum fast upp við strendur landsins og inni í fjörðum og flóum, og með yfirgangi þessum virðast mjög að skemma fiskiveiðar Íslendinga, þá hefir alþingi það, er átti fund í fyrra, í þegnlegri bænarskrá til konungs beðið um, að sæð verði ráð við þessu á þann hátt, að á ári hverju í öndverðum aprílmánuði verði send til Íslands svo mörg skip, sem þörf er á, er geti haft gætur á, að útlendir fiskimenn ekki séu á veiðum innan hinna lögákveðnu takmarka þangað til í byrjun septembermánaðar. Að því leyti, er snertir þetta atriði, hefir hinn setti stiptamtmaður á Íslandi, er einnig gegndi konungsfulltrúastörfum á alþingi, mælt með bænarskrá þingsins, og hefir hann í álitsskjali sínu um málið getið þess, að reyndar megi ætla, að eigi mundi unnt að gæta þess nákvæmlega, að reglurnar um yfirráðin yfir sjónum eigi séu brotnar, þó send væru til landsins 2 eða 3 herskip, til að vera á ferðum kringum strendur þess, þar sem slíkur sægur af útlendum fiskiskipum þyrpist þar saman; en eigi að síður mundi það koma að töluverðum notum, ef þangað væri sent þó ekki væri nema eitt lítið herskip, er reynslan hafi sýnt, að útlendir fiskimenn þau árin, sem dönsk herskip hafi komið til Íslands og verið þar við strendurnar, ekki komi eins nálægt landi og annars, og einkum hafi varazt að fara inn í firði og flóa við landið, en hafi haldið til lengra frá ströndunum.

Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir sjóliðsstjórninni þetta, lætur hún enn á ný í ljósi það álit sitt, að það muni koma að miklu liði til að vernda fiskiveiðar Íslendinga, að sent sé herskip til landsins, og biður því stjórnarráðið um svar um það, hvort það nú í vor eður sumar ekki geti gjört neina ráðstöfun, er lúti að þessu augnamiði, samkvæmt lofordi því, er það veitti í bréfi 31. marzm. 1860 um, að við og við

skyldi verða sent herskip til Íslands til að verja landið ágangi erlendra fiskimanna.

1862.

6. marzm.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppboðslaun af verði fyrir hest, er jafnaðarsjóður suðurumdæmisins var eigandi að.

19. marzm.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá álit yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi 8. októberm. f. á., um 2. útásetninga- grein við reikning jafnaðarsjóðs suðurumdæmisins fyrir árið 1858, en í þeirri grein er fundið að því, að tekin hafa verið upp- boðslaun af verðinu fyrir hest, er seldur var fyrir jafnaðar- sjóðinn, m. m., þá hefir stjórnarráðið í dag ritað endurskoð- unarstjórnardeild konungsríkisins á þá leið, að með því sveita- málefni ekki verði heimfærð undir orðin „opinber málefni“ í 13. grein í aukatekjureglugjörðinni 10. septemberm. 1830, þá megi útásetning sú, er gjörð hafi verið um þetta efni, niður falla.

Þetta er yður kunngjört yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um skipti á konungsjörðinni Öxará fyrir jarðirnar Granastaði og Neðribæ.

27. marzm.

Eptir bænarskrá frá Sigurði Guðnasyni á Ljósavatni, er hingað kom með bréfi yðar, herra amtmaður, 7. októberm. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknast að fallast á með úrskurði 18. þ. m., að beiðandinn megi fá eignarjörð ríkissjóðsins, Öxará í Ljósavatns hrepp í Þingeyjarsýslu, með 4 kúgildum, í skiptum